



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þjónustuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar fyrir heimilislaust fólk*

*Þann 6. október 2021 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þjónustuúrræði fyrir heimilislaust fólk:*

*Hver eru núverandi þjónustuúrræði sem eru starfrækt á vegum Reykjavíkurborgar fyrir fólk sem er heimilislaust og/eða glímur við vímuefna-  
eða geðrænan vanda og hvernig er þeim skipt eftir starfsemi og  
þjónustuþegum? Nánar tiltekið hvernig er starfsemi hvers úrræðis háttað og  
hverjir eru þjónustuþegar úrræðanna? Jafnframt er spurt hver  
rekstrarkostnaður þjónustuúrræðanna er á ársgrundvelli.*

**Svar:**

Í töflu 1 er yfirlit yfir rekstrarkostnað þjónustuúrræða fyrir heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir sem eru rekin af Reykjavíkurborg fyrir utan neyðarskýli fyrir konur sem rekið er af Rótinni, heimili að Miklubraut sem rekið er af Samhjálp, og Vin, áfangaheimili sem rekið er af SÁÁ á grundvelli þjónustusamnings. Heildarkostnaður er um 1.5 ma.kr. en þar eru meðtaldir styrkir sem veittir eru á grundvelli styrkjaúthlutuna velferðarráðs til Samhjalpar vegna reksturs Kaffistofunnar, og Hjálparstarfs Kirkjunnar vegna máltíða, og virkni fyrir heimilislausa; samtals 16.5 m.kr.

Tafla 1: Kostnaðaryfirlit

	Fjöldi	Áætlun 2021
Vettvangs og ráðgjafateymi - ráðgjafar og stuðningsþjónusta inn á heimili, í neyðarskýli og á vettvangi		185.575.376
Konukot - Neyðarskýli fyrir heimilislausar konur	12	93.553.119
Neyðarskýli fyrir unga heimilislausar karlmenn	15	147.207.427
Neyðarskýli fyrir langtíma heimilislausar karlmenn	25	211.111.816
<b>Neyðarskýli fyrir heimilislausar konur og karla - samtals</b>	<b>52</b>	<b>451.872.362</b>
Njálsgata - karlar með miklar og flóknar þjónustuþarfir	9	89.877.743
Hringbraut - konur með miklar og flóknar þjónustuþarfir	11	98.204.398
<b>Búseta fyrir heimilislausar konur og karla - samtals</b>	<b>20</b>	<b>188.082.141</b>
Hringbraut - fatlaðar konur með virkan vímuefnavanda	8	256.239.428
Miklabraut - fatlaðir karlar með virkan vímuefnavanda	8	252.693.475
<b>Búseta fyrir tvígreindar konur og karla - samtals</b>	<b>16</b>	<b>508.932.904</b>
Miklabraut - áfangaheimili fyrir karla	8	24.708.037
Snorrabraut - Brautin áfangaheimili fyrir karla	11	29.141.614
Samstarfssamningur SÁÁ v/ Vinjar - áfangaheimili fyrir karla	23	57.213.193
<b>Áfangaheimili fyrir karla- samtals</b>	<b>42</b>	<b>111.062.844</b>
Styrkir til Samhjalpar og Hjalpræðishersins		16.500.000
<b>Samtals</b>		<b>1.462.025.627</b>

Eftirfarandi eru þau þjónustuúrræði sem starfrækt eru á vegum Reykjavíkurborgar fyrir fólk sem er heimilislaust og/eða glímur við vímuefna eða geðrænan vanda.

#### Neyðarskýli fyrir heimilislausar konur -Konukot

- Neyðarskýli fyrir heimilislausar konur. Þar eru 12 gistiþléss. Konukot er opið alla daga frá kl. 17:00 til kl. 10:00 daginn eftir. Boðið er upp á heita kvöldmáltíð og léttan morgunverð, þvott á fötum og hreinlætisaðstöðu. Konur í Konukoti hafa aðgang að Skjólinu milli 10-15 alla virka daga. Skjólið er dagsetur fyrir konur rekið af Hjalparstarfi kirkjunnar.
- Markmið: Að veita heimilislausum konum í Reykjavík næturgistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að vinna að lausn á húsnaðisvanda þeirra.
- Rótin, félag um konur, áföll og vímuefnavanda rekur Konukot á grundvelli þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn gildir til október 2023.

#### Hringbraut: Sólarhringsstuðningur fyrir konur með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

- Húsnaði með 11 íbúðum í húsnaði Félagsbústaða en í hverri íbúð er eldhús, stofa, svefnherbergi, baðherbergi og forstofa.

- Markmið: Að skapa heimilislausum konum öruggt heimili. Þjónustunni er sinnt af starfsfólki sem er til staðar allan sólarhringinn. Íbúar greiða leigu.
- Um er að ræða sjálfstæða búsetu heimilislausra sem byggir á *Húsnæði fyrst* hugmyndafræðinni.
- Markhópur er heimilislausar konur með miklar og flóknar þjónustuparfir sem erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Í sumum tilfellum eru íbúar með tvígreiningar, þ.e. vímuefnavanda og geðvanda en úrræðið sem slíkt er ekki byggt upp með þann hóp í huga. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur notkun áfengis eða annarra vímuefna.
- Virkt samstarf er við Frú Ragnheiði, Landspítala Háskólasjúkrahús, Heilsugæslu, Bjarkarhlíð og Lögregluna.
- *Vegna framkvæmda í húsinu á vegum Félagsbústaða fluttu íbúar tímabundið í önnur úrræði í september síðastliðnum*

### **Neyðarskýli fyrir unga heimilislauða karlmenn**

- Alls geta 15 karlar dvalið í Neyðarskýlinu í senn. Tekið er á móti notendum meðan húsrúm leyfir frá kl. 17 til kl. 10 næsta dags, alla daga ársins.
- Markmiðið: Að veita næturgistingu til skamms tíma og mæta þörfum dvalargesta á einstaklingsmiðaðan hátt.
- Boðið er upp á kvöldmáltíð og léttan morgunverð, þvott á fötum og hreinlætisaðstöðu.

### **Gistiskýlið – neyðarskýli fyrir langtímaheimilislauða karlmenn**

- Alls geta 25 karlar dvalið í Neyðarskýlinu í senn. Tekið er á móti notendum meðan húsrúm leyfir frá kl. 17 til kl. – 10 næsta dags, alla daga ársins. Milli kl. 10 og kl. 17 geta gestir fengið undanþágu á að dvelja innandyra ef um heilsubrest er að ræða og ekki er þörf á bráðaþjónustu.
- Markmiðið: Að veita næturgistingu til skamms tíma og mæta þörfum dvalargesta á einstaklingsmiðaðan hátt.
- Boðið er upp á kvöldmáltíð og léttan morgunverð, þvott á fötum og hreinlætisaðstöðu.

### **Miklabraut: Heimili fyrir karla með miklar og flóknar þjónustuparfir, sólarhringsstuðningur**

- Húsnæði með níu íbúðum í húsnæði Félagsbústaða. Í húsnæðinu er sameiginleg borðstofa og setustofa. Heimilið er rekið af Samhjálp með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg.
- Markmið: Að veita heimilislausum körlum sem eru með miklar og flóknar þjónustuparfir einstaklingsmiðaðan og heildstæðan stuðning til að eiga sjálfstætt og innihaldsríkt líf.

### **Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR)**

Tilgangur VoR-teymis er að aðstoða heimilislauð fólki með miklar og flóknar þjónustuparfir. Það veitir fjölbreytta aðstoð, stuðning og ráðgjöf og miðlar upplýsingum um þjónustu sem er í boði. Teymið starfar m.a. með fólki í neyðarskýlum, smáhýsum og í íbúðum um þar sem þjónusta er veitt á grundvelli hugmyndafræði um *Húsnæði fyrst*.

VoR-teymið er skipað þverfaglegum hópi starfsmanna. Það vinnur að forvörnum og á samstarf við ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og bregst við aðstæðum þegar á þarf að halda. Teymið veitir einnig ákveðnum hópi fólks í sjálfstæðri búsetu stuðning og ráðgjöf í anda hugmyndafræðinnar um *Húsnæði fyrst*.

### **Sjálfstæð búseta – stök *Húsnæði fyrst* íbúð**

- Íbúðir í eigu Félagsbústaða. Persónubundinn stuðningur veittur með þjónustusamning. Stuðningur er í formi vitjana, fjölbreyttrar aðstoðar við að tengjast þeirri þjónustu sem er í boði í samfélaginu, að halda heimili ofl.

### **Tvígreiningar og virkur vímuefnavandi – málaflokkur fatlaðra**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skoðar og metur þörfina á húsnæðis- og stuðnings úrræðum út frá umsóknum (biðlistum) á hverjum tíma. Til að fá úthlutun í íbúðarkjarna fyrir geðfatlaða þarf að liggja fyrir greining á alvarlegum geðsjúkdóm.

### **Hringbraut: Húsnæði fyrir fatlaðar konur með virkan vímuefnavanda (tvígreining) -sólarhringsstuðningur.**

- Húsnæði með átta íbúðum á þremur hæðum þar sem hver íbúi hefur sína íbúð og aðgang að sameiginlegum baðherbergjum auk þess sem aðgangur er að sameiginlegri stofu og eldhúsi. Húsnæðið er í eigu Félagsbústaða.
- Markmið: Að mæta þörfum íbúa á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt, að auka sjálfstæði þeirra og veita aðstoð til að þær geti átt sjálfstætt og innihaldsríkt líf bæði innan og utan heimilis. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur notkun áfengis eða annarra vímuefna.
- Markhópur: Konur með geðfötlun og virkan vímuefnavanda. Unnið eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar. Samkvæmt þjónustumati velferðarsviðs á húsnæði fyrir fatlað fólk er þjónustuþörf í flokki III.

### **Miklabraut: Húsnæði fyrir karla með virkan vímuefnavanda (tvígreiningar – sólarhringsstuðningur)**

- Húsnæði í eigu Félagsbústaða með átta herbergjum á þremur hæðum þar sem hver íbúi hefur sitt herbergi og aðgang að sameiginlegum baðherbergjum auk þess sem aðgangur er að sameiginlegri stofu og eldhúsi.
- Markmið: Að mæta þörfum íbúa á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt og að auka sjálfstæði þeirra. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur notkun áfengis eða annarra vímuefna.
- Markhópur: Karlar með geðfötlun og virkan vímuefnavanda. Unnið er eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar. Samkvæmt þjónustumati velferðarsviðs á húsnæði fyrir fatlað fólk er þjónustuþörfin í flokki III.

### **Áfangheimili fyrir karla**

#### **Brautin**

- Húsnæði í eigu Félagsbústaða með 11 herbergjum. Þar sem hver íbúi hefur sitt herbergi og aðgang að sameiginlegum baðherbergjum auk þess sem aðgangur er að sameiginlegri stofu og eldhúsi.
- Markmið: Að veita þeim einstaklingum sem taka þátt í átaksverkefninu Grettistaki (virkni- og stuðningsúrræði) öruggt húsnæði á meðan á endurhæfingu stendur

- Markhópur: Karla sem eru í endurhæfingu eftir meðferð við áfengis- og vímuefnavanda m.a. með þátttöku í Grettistaki á vegum Reykjavíkurborgar.

**Vin, áfangaheimili fyrir karla- sem rekið er af SÁÁ.**

- Áfangaheimili fyrir allt að 23 einstaklinga sem rekið er af SÁÁ með samstarfssamningi við Reykjavíkurborg.
- Markhópur: Einstaklingar sem lokið hafa meðferð vegna fíknivanda og þarfnast stuðnings við áframhaldandi bata